

Nd.

156. Breytingartillögur

við frv. til laga um útsvör.

Frá Halldóri Stefánssyni.

1. Við 3. gr. a. Síðari másl. fyrri málsgr. falli niður.
b. Orðin í síðari málsgr. »að fengnu samþykki áður nefndra stjórnarvalda« falli niður.
2. Við 6. gr. A. I. Síðari másl. 1. málsgr. falli niður.
3. Við 6. gr. B. 1. Niðurlag liðsins: »3 mánnði — — skemri tíma« falli niður.
4. Við 7. gr. Fyrri málsgr. orðist svo:
Nú er aðili útsvarsskyldur eftir 6. gr. A. I, B. 1 og B. 2, hvort heldur hann rekur atvinnu eða stundar atvinnu eða á útsvarsskyldar eignir, þá skal einungis leggja á þá atvinnu, er hann hafði hjer á landi á gjaldárinu, og eignir hans hjer og tekjur af þeim.
5. Við 8. gr. b. Niðurlagsorðin: »eða í hlutfalli við dvöl þar« falli niður.
6. Við 8. gr. d. Staflíðurinn orðist svo:
Þar skal leggja á erlend tryggingarfjelög, sem umboðsmenn (aðal- eða undir-) eru búsettir; skal miða útsvör þeirra við skattskyldar tekjur og iðgjöld af tryggingum á útsvarsárinu, sem fengið er á hverjum stað.